

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 7. tbl. 5. árg. 31. mars 2011

Breytingar í ritnefnd Skóla - akurs

Um næstu mánaðarmót mun Linda María Ásgeirsdóttir skrifstofustjóri í Hrísey taka við ritstjórn Skóla – akurs. Netfang hennar er lindamaria@akureyri.is Vil ég skora á lesendur að senda inn efni í blaðið, faglegt, athyglivert og skemmtilegt. Jafnframt vil ég þakka samfylgdina á þessum vettvangi síðastliðin ár. Sesselja Sigurðardóttir

Aulýsing frá Flúðum

Leikskólinn Flúðir óskar að ráða deildarstjóra í 100% starf. Æskilegast er að hann geti hafið störf 1. maí n.k. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skóladeildar <http://skoladeild.akureyri.is>

Mynd augnabliksins ef af yngismanni á Huldusteini sem búin er að fá hárgreiðslu hjá vinkonu sinni í tilefni yngismannadagsins.



Lokahátíð stóru upplestrarkeppinnar

Lokahátíð stóru upplestrarkeppinnar 2011 var haldin á sal Menntaskólans, Hólum miðvikudaginn 23. mars sl. Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn standa fyrir þessari ár hvert keppni ásamt skóladeild. Keppnin var haldin að viðstöddu fjölmenni. Þarna voru mættir til leiks fulltrúar 7. bekkinga úr öllum grunnskólunum á Akureyri. Keppendur voru 17 í ár og stóðu sig allir með miklum sóma. Það var sérlega ánægjulegt að sjá hvað nemendur voru yfirvegaðir og skemmtilegt að fylgjast með þessum frábæra hópi nemenda lesa upp fyrir



fullum sal af fólki og standa sig svo vel sem raun var. Sigurvegarar þetta árið voru: Urður Andradóttir úr Lundarskóla sem varð í þriðja sæti, Kristrún Jóhannesdóttir nemandi í Síðuskóla varð í öðru sæti og sigurvegari árið 2011 varð Fannar Már Jóhannsson nemandi í Lundarskóla. Styrktaraðilar keppinnar voru Mjólkursamsalan, Kexverksmiðjan og Blómabúð Akureyrar. Byr sparisjóður veitti vegleg peningaverðlaun. Tónlistaratriði fluttu nemendur úr Tónlistarskóla Akureyrar.



Vinir heimsóttir

Á vormánuðunum heimsækja leikskólabörnin grunnskólana til að kíkja á komandi vinnustað. Í Oddeyrarskóla eiga allir 1. bekkingar sér vini úr 8.



bekk. Þessir „stóru“ vinir aðstoða yngri nemendurna að aðlagast skólanum og eru þeim innan handar í ýmsum málum. Tilvondandi nemendur Oddeyrarskóla af leikskólanum Íðavelli heimsóttu verðandi vini sínu sem nú eru í 7. bekk nú í marsmánuði. Tilgangur heimsóknarinnar var að leyfa vinunum að hittast og kynnst, ásamt því að fara saman í skoðunarferð um skólann. Eins og sjá má af myndunum hér að neðan var m.a. heilsað upp á mekilegasta „mann“ skólans. Er það ekki örugglega skólastjórinn?



Skólaskipið Dröfn

Nemendum í tveimur elstu bekkjum grunnskólanna hefur undanfarin ár verið boðið upp á kynnisferð með hafrannsóknaskipinu Dröfn. Í ferðinni eru nemendur fræddir um sjávarútveg og vistkerfi hafsins; trolli er dýft í sjóinn og nemendur kanna aflann undir leiðsögn fiskifræðings. Þetta verkefni er unnið í samvinnu Fiskifélagsins, Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegsráðuneytisins. Sjávarútvegsráðuneytið og Alþingi hafa fjármagnað þessa útgerð, sem nýtur mikilla vinsælda. Eftirspurn nemenda og skóla hefur verið langt umfram það sem hægt hefur verið að sinna og langur biðlisti á hverju ári. Nemendur 10. bekkjar í Giljaskóla fóru í ferð með Dröfn á dögunum. Ýmislegt kom upp úr sjónum sem vert var að skoða, nemendur gerðu að aflanum og fóru sumir með fisk með sér heim í soðið.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjórn skipa: Gunnar Gíslason gunnarg@akureyri.is og Sesselja Sigurðardóttir sesselja@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími Skóladeildar 460-1455. Opnunartími alla virka daga frá 8 - 16.

Markmið blaðsins: er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu.

Dreifing: Bláinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólk í leik- grunn- og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

Leikskólinn Flúðir

Einkunnarorð leikskólans eru:

Gleði - Friður - Virðing

Meginmarkmið skólans eru:

- Að barnið sé í brennidepli og gengið sé út frá þroska þess og þörfum
- Að virkja barnið í þekkingarleit sinni. Að það læri að beita röklegri hugsun, spyrja spurninga og leita svara
- Að barnið læri að þekkja eigið sjálf, þrói með sér jákvæða sjálfsmynd og tilfinningu fyrir eigin getu
- Að barnið læri að í samskiptum manna er nauðsynlegt að hafa tiltekna hegðunarreglur sem ber að virða
- Að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfu sér og samferðafólki sínu, umhverfinu, náttúrunni og öllum lifandi verum
- Að barnið læri undirstöðuatriði heilbrigðs lífs og lífsviðhorfa í samneyti við jafningja í leik og starfi og geta valið og hafnað út frá eigin forsendum.

Aðalstefna leikskólans er leikurinn. Leikur barna mótast af hugmyndaauðgi og sköpunarmætti og verður að vera sjálfspróttin frá náttúrulegri hvötu barnsins. Reynt er að stuðla að því að finna leiðir þar sem börnin fá að njóta sín best í sjálfspróttum leik. Dagskipulagið miðast út frá því að börnin fái góðan og samfelldan tíma til leiks.

Veturinn 2006 - 2007 vann leikskólinn þróunarverkefnið "Læsi í leikskóla". Markmiðið með því var að vinna með læsi í leikskólanum á fjölbreyttan hátt. Verkefnið var unnið í samræmi við hugmyndafræðina um bernskulæsi sem gerir ráð fyrir að læsi þróist allt frá fæðingu. Í leikskólanum er lögð áhersla á skriftar- og lestrarhvetjandi umhverfi. Leikskólinn vinnur einnig með SMT skólafærni og leggur jafnframt mikla áherslu á umhverfismál.

**Kíkt í heimsókn á Flúðir**

Í síðustu vikur var ruslaskrímsladagur á Flúðum. Börnin unnu sameiginlegt eða eigin ruslaskrímsli úr verðlausu efni.



Börnin á Huldulandi eru búin að fara í tvær ferðir í Lundarskóla. Í skólanum þarf að læra margt, en mikilvægast af öllu er að vera vinir og vinna saman.



Fyrirverandi Flúðanemar

Gleði
Friður
Virðing



Á Holtakoti er nú verið að vinna með dygðina hjálpsmi. Eftirfarandi speki er því þeirra leiðarljós í gegnum þá vinnu.

„Það sem við gerum fyrir okkur sjálf deyr með okkur, það sem við gerum fyrir aðra lifir áfram“

Færeysk – íslensk stórhljómsveit. Tónleikar í Hamraborg.

Föstudaginn 1. apríl kemur hingað til Akureyrar færeysk lúðrasveit. Áætlað er að nemendur úr Stórsveit Tónlistarskólans á Akureyri æfi með lúðrasveitinni og haldi sameiginlega tónleika í Hamraborg laugardaginn 2. apríl kl. 21:00. Þessi stóra íslensk—færeyska hljómsveit mun samanstanda af um 100 hljóðfæraleikurum. Stjórnandi þessarar risasveitar verður Bernharður Wilkinson, fyrrum stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Tónleikarnir hefjast kl. 21. og eru allir velkomnir og er enginn aðgangseyrir

Ástæðan fyrir komu Færeynganna er verkefni sem Tónlistarskólinn á Akureyri er að vinna í samstarfi við Tónlistarskóla Færeyja. Í maí næstkomandi þá fara Stórsveit og Grunnusveit Tónlistarskólans á Akureyri í heimsókn til Færeyja og spila þar á færeyskri tónlistarhátt. Þar mun stórsveitin spila í Norræna húsinu í Þórshöfn með færeyskri jazz-sveit og grunnusveitin spilar svo með sambærilegri færeyskri sveit.

Yngismannadagurinn

Litlir og stórir strákar fengu margskonar dekur í tilefni yngismannadagsins sem er fyrsti dagur einmánaðar í hinu forna tímatali. Á yngismannadaginn var það til síðs að ungar stúlkur gerðu vel við ungu mennina. Í grunn og leikskólum bæjarins var víða haldið upp á daginn og minnt á þennan gamla góða sið. Í 9.b Síðuskóla bökuðu stúlkurnar gírnilegar kökur handa bekkjarfélögum sínum en í Naustatjörn fengu drengirnir á Huldusteini dekur og á Kiðagili bjuggu stúlkurnar til kórónur handa drengjunum og bakaðar voru vöfflur handa öllum.



Næsti Skóla akur kemur út fimmtudaginn 31. mars